

Fimmtudaginn 28. september 1995.

Nr. 296/1994.

Fljótshlíðarhreppur

(Jóhann H. Niélsson hrl.)

gegn

Vestur-Eyjafjallahreppi

(Ingimundur Einarsson hdl.)

(Ragnar Halldór Hall hrl.)

Sveitarfélög. Afréttur. Hreppamörk.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1994. Áfrýjað er úrskurði Héraðsdóms Suðurlands 5. nóvember 1993 og dómi sama dómstóls 11. apríl 1994, og krefst áfrýjandi þess, að dómsathöfnum þessum verði hrundið og breytt á þá leið aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að öllum kröfum stefnda verði hafnað. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær kröfur, að hinar áfrýjuðu dómsathafnir verði staðfestar og áfrýjanda gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Dómendur Hæstaréttar gengu á vettvang málsins 7. september sl. í fylgd lögmanna og forsvarsmanna aðila.

I.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða úrskurð um frávísunarkröfu áfrýjanda með skírskotun til forsendna hans.

II.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, eru kröfur stefnda í máli þessu þær, að staðfest verði með dómi, að landsvæði austan Markarfljóts milli Almennainga að norðan og Merkurtungna, Stakkholts og Steinsholts að sunnan, þ. e. Þórsmörk, Goðaland, Teigstungur, Múlatungur og Guðrúnartungur, teljist vera innan takmarka Vestur-

Eyjafjallahrepps og að hreppamörk hans og áfrýjanda, Fljótshlíðarhrepps, fyrir landsvæði þessu verði ákvörðuð um Markarfljót, frá Öldusteini og upp Markarfljótsgljúfur að Almennungum. Kröfugerð þessi er á því byggð, að Markarfljót hafi allt frá upphafi hreppaskipunar skilið að sveitir stefnanda og stefnda og verið takmark hreppanna. Á því hafi engin breyting orðið til þessa dags, hvorki með lögum né samningum. Tímabundin og takmörkuð afnot, ítök eða eignarumráð annarra hafi heldur engu breytt þar um.

Í málinu er hvorki deilt um eignar- eða afnotarétt á ofangreindu svæði né um staðarleg mörk þess.

Um byggð í Þórsmörk eru fáar heimildir. Svo sem rakið er í héraðsdómi, er í Landnámu getið landnáms bræðranna Ásbjarnar og Steinfinns Reykretilssona „fyrir ofan Krossá ok fyrir austan Fljót“. Hafi Ásbjörn numið land í Þórsmörk og gefið henni nafn. Að öðru leyti er lítið vitað um þessa byggð, en hennar er að nokkru getið í Njáls sögu. Svo virðist sem byggðin hafi ekki staðið lengi, en engin vissa er um það, hvenær hún lagðist af. Heimildir eru einnig um tilraun til búsetu í Þórsmörk um 1800, en hún mun aðeins hafa staðið skamma hríð. Meginhluta þess tíma, sem liðinn er frá landnámi, hefur hið umdeilda svæði því verið afréttarland, sem nýtt var til beitar og skógartaks af bændum, einkum í hreppum þeim, sem eru aðilar máls þessa. Eins og vikið er að í héraðsdómi, eru til margar heimildir um þau efni, og hafa not hreppanna verið misjafnlega mikil á ýmsum tímum, og þykir ekki ástæða til að rekja það nánar hér. Árið 1920 var upprekstri og beit hætt á hinu umdeilda svæði utan Goðalands, en þar var beit hætt 1927. Hefur svæðið allt síðan verið undir umsjá Skógræktar ríkisins.

Afrétturinn á Goðalandi var í eigu kirkjunnar að Breiðabólstað í Fljótshlíð, en hafði um langa hríð verið leigður Austur-Eyfellingum. Óumdeilt er og, að þegar til friðunar kom, var upprekstrarréttur á öðrum hlutum hins umdeilda svæðis á hendi bænda í Fljótshlíðarhreppi og Oddakirkju á Rangárvöllum. Einnig er ágreiningslaust, að bændur í Vestur-Eyjafjallahreppi eiga afrétt á svæðum sunnan og norðan hins umdeilda svæðis, þ. e. í Merkurtungum, Stakkholti og Steinsholti að sunnan og Almennungum að norðan.

Heimildir um það, hvar eða hvort svæðinu var skipað í hrepp, eru fáskrúðugar. Stefndi hefur í þessum efnum bent á Jarðabók Árna

Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709, en þar er skýrt frá örnefnunum Þuríðarstöðum og Húsadal, þegar lýst er jörðum í Eyjafjallasveit. Þar er ekki vikið að hreppamörkum. Að öðru leyti hefur stefndi einkum byggt á því, að landnám Reykretilssona hafi náð vestur að Markarfljóti, sem hafi því í upphafi byggðar verið mark landnámsjarða að vestan og austan, enda ótal dæmi þess, að stærri vatnsföll og ófærur réðu mörkum landnámsjarða og síðar mörkum sýslna og hreppa. Komi og fram í ýmsum heimildum, að Eyjafjallahreppur nái að Markarfljóti. Af hálfu áfrýjanda hefur á hinn bóginn verið bent á Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873, en þar lýsir Magnús Stephensen, sýslumaður Rangárvallasýslu, takmörkum Eyjafjallahrepps á hinu umdeilda svæði svo: „Úr Stóra-Dímon er marklínan millum Eyvindarmúla í Fljótshlíð og Stórumerkur í Eyjafjallahrepp í Öldusteini, sem liggur skammt vestar en Þórsmekurrani, en sunnan megin Þórsmekurrana fellur Krossá, sem ræður landamerkjum upp þangað sem í hana rennur Hvanná, en úr því er á þessi landamerki allt í jökul.“ Þá leggur áfrýjandi meðal annars áherslu á, að íbúar Fljótshlíðarhrepps hafi um langa hríð átt og nýtt upprekstrarrétt á þrætulandinu. Það hafi verið skráð og metið með fasteignum þar og beitarréttur og skógarítök metin til fasteignaverðs með jörðum í hreppnum, frá því að skráning og mat fasteigna hófst 1938.

III.

Eins og fyrr segir, byggir stefndi á því, að hið umdeilda landsvæði í máli þessu hafi frá upphafi byggðar og hreppamyndunar verið hluti Eyjafjallasveitar og Eyjafjallahrepps og síðar Vestur-Eyjafjallahrepps. Þegar litið er til þeirra gagna og heimilda, sem tiltæk eru um þessi efni, verður að telja ósannað, að svo hafi verið. Ekki er vitað með neinni vissu, hvenær byggð hófst á svæðinu eða hve lengi hún stóð. Er ekki sannað, að svæðið hafi verið í byggð á þeim tíma, er hreppaskipun myndaðist, og eru engar heimildir um það, til hvaða hrepps svæðið var talið. Ekki þykir heldur unnt að láta rennsli Markarfljóts skera hér úr. Ber að hafa í huga breytingar á landslagi, veðurfari og samgöngum, en allt fram á þessa öld komu ferðamenn gangandi eða ríðandi í Þórsmörk, og eru heimildir fyrir því, að leiðin þangað hafi oft legið um Fljótshlíð. Heimildir um

Markarfljót sem vesturmörk stefnda þykja fyrst og fremst vísa til þess svæðis, sem hefur verið í byggð. Hið umdeilda landsvæði hefur á hinn bóginn lengst af Íslandsbyggðar verið óbyggt. Eins og mál þetta liggur fyrir, verður að líta svo á, að það sé utan staðarmarka hreppa áfrýjanda og stefnda, en löggjafinn hefur ekki kveðið á um aðra skipan, sbr. 1. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Hins vegar á 3. mgr. sömu greinar hér ekki við, þar sem enginn hreppur átti upprekstrarrétt á svæðinu, þegar samsvarandi ákvæði var fyrst leitt í lög 1972.

Samkvæmt framansögðu þykir stefndi ekki hafa rennt nægilegum stöðum undir kröfur sínar í máli þessu, og ber því að hafna þeim.

Eftir ofangreindum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Staðfestur er hinn áfrýjaði úrskurður um frávísunarkröfu áfrýjanda, Fljótshlíðarhrepps.

Hafnað er kröfum stefnda, Vestur-Eyjafjallahrepps, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 11. apríl 1994.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum málf lutningi 14. mars sl., er höfðað með stefnu, birtri 20. september 1991, er var þingfest fyrir auka-dómpingi Rangárvallasýslu 6. nóvember 1991, af hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps fyrir hönd hreppsins. kt. 690269-1559, gegn hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps fyrir hönd hreppsins. kt. 550169-7119.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru, að staðfest verði með dómi, að landsvæði austan Markarfljóts milli Almenninga að norðan og Merkurtungna, Stakkholts og Steinsholts að sunnan, þ. e. landsvæði Þórsmerkur, Goðalands, Teigstungna, Múlatungna og Guðrúnartungna, teljist til Vestur-Eyjafjallahrepps og innan takmarka hreppsins og að hreppamörk stefnanda og stefnda fyrir landsvæði þessu verði ákveðin um Markarfljót frá Öldusteini í Markarfljótsgljúfur og síðan eftir Markarfljótsgljúfri að Almenninum. Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins svo og virðisaukaskatts af til-dæmdum málskostnaði.

Af hálfu stefnda, hreppsnefndar Fljótshlíðarhrepps, fyrir hönd hreppsins var aðallega gerð krafa um, að málinu yrði vísað frá dómi. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði dómsins, er kveðinn var upp 5. nóvember sl. Til vara gerir stefndi kröfu um, að öllum kröfum stefnanda verði hafnað. Stefndi krefst málskostnaðar að mati dómsins svo og virðisaukaskatts af tildæmdum málskostnaði.

Í dómi þessum verður hið umdeilda landsvæði, þ. e. Þórsmörk, Goðaland, Teigstungur, Múlatungur og Guðrúnartungur, eftirleiddis nefnt einu nafni „Þórsmerkursvæðið“.

Málavextir.

Málavextir eru þeir helstir, að um skeið hefur verið ágreiningur um það milli málsaðila, í hvoru hreppsfélaginu Þórsmerkursvæðið teldist vera. Ágreiningslaust er, að deilan milli hreppsfélaganna lýtur ekki að einkaréttarlegum réttindum á hinu umdeilda svæði, en báðir málsaðilar gera ráð fyrir, að um einhver slík réttindi sé að ræða. Snýst ágreiningurinn eingöngu um það, til hvors sveitarfélags hið umdeilda svæði teljist, og þannig, hvort þeirra skuli fara þar með stjórnýsluvald. Ekki er ágreiningur um staðarleg mörk hins umdeilda landsvæðis. Er málið var munnlega flutt um frávísunarkröfu stefnda, lýsti umboðsmaður stefnanda yfir, að dómkröfu hans í stefnu, þar sem segir, „að hreppamörk stefnanda og stefnda fyrir landsvæði þessu verði ákveðið um Markarfljót o. s. frv.“, beri að skilja svo, að átt sé við stjórnýsluleg mörk.

Með bréfi til félagsmálaráðuneytisins, dags. 17. maí 1989, var þess óskað af stefnanda málsins, að ráðuneytið úrskurðaði í deilumáli þessu á grundvelli 3. gr., 1. og 3. mgr., sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Í svarbréfi ráðuneytisins, dags. 2. júní s. á., taldi ráðuneytið sig ekki hafa vald til úrskurðar um ágreining málsaðila. Það vald lægi hjá hinum almennu dómstólum. Til þess að skera úr ágreiningi aðila um ofangreint landsvæði hefur því stefnandi höfðað mál þetta.

Niðurstaða.

Fyrstu lagaheimildir um hreppa mun vera að finna í þjóðveldislögum, sem kennd eru við Grágás, en þar segir: „Löghreppar scolo vera alandi her.“ Löghreppur er síðan skilgreindur sem hreppur, þar sem 20 búendur eru í hið fæsta. Er síðar í ákvæðum þessum fjallað um skipulag og hlutverk hreppa, og er getið um, að hver búandi skuli sitja hið næsta öðrum og að „hreppar allir settir sem nu ero“.

Þessi sömu ákvæði er að finna í 31. kafla Jónsbókar, er lögtekin var árið 1281, en þar segir: „Löghreppar skulu vera sem at fornu hafa verit...“.

Efnislega hafa þessi ákvæði haldist til dagsins í dag. Þannig segir í 1. gr. sveitarstjórnarlaga frá 20. október 1905: „Sýslur á landinu skulu vera sömu og nú eru, sömuleiðis sýslnamörk. Sama er um hreppa í hverri sýslu og hreppamörk.“ Í 2. gr. sömu laga segir: „Sýslum má eigi fækka né fjölga né heldur breyta takmörkum þeirra nema með sérstökum lögum.“ Þessi ákvæði eru óbreytt í sveitarstjórnarlögum nr. 12 frá árinu 1927.

Með lögum nr. 58 frá 29. mars 1961 eru gerðar verulegar breytingar á skipan þessara mála. Efnispáttum fyrrgreindra ákvæða er þó ekki raskað en í 2. mgr. 2. gr. þeirra laga segir: „Staðarmörk sveitarfélaga skulu vera hin sömu og nú eru, en ráðuneytið getur breytt þeim samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 4.–8. gr. laga þessara, sbr. þó 3. gr.“ Þessar heimildir ráðuneytisins eiga þó ekki við í máli þessu né heldur 3. mgr. 2. gr. laganna, en þar er um að ræða ákvæði, er bætt var inn í löginn samkvæmt 1. gr. laga nr. 52/1972, er sett voru af sérstöku tilefni, eins og glögglega kemur fram í greinargerð með þeim lögum. Hefur því ákvæði reyndar síðan verið breytt.

Enn verða verulegar breytingar á sveitarstjórnarmálefnum með setningu núgildandi laga nr. 8/1986. Fyrrgreint ákvæði um staðarmörk sveitarfélaga er þó efnislega óbreytt, en í 3. gr. laganna er svofellt ákvæði í 1. mgr.: „Sveitarfélag hefur ákveðin staðarmörk. Óheimilt er að breyta þeim nema með lögum.“

Stefnandi í máli þessu gerir kröfu til þess, að staðfest verði með dómi, að landsvæði austan Markarfljóts milli Almenninga að norðan og Merkur-tunga, Stakkholts og Steinsholts að sunnan, þ. e. „Pórsmerkursvæðið“, teljist til Vestur-Eyjafjallahrepps og innan takmarka hreppsins og að hreppamörk stefnanda og stefnda fyrir landsvæði þessu verði ákveðin um Markarfljót frá Öldusteini í Markarfljótsgljúfur og síðan eftir Markarfljótsgljúfri að Almenninum. Í kröfugerðinni felst þannig krafa um staðfestingu á mörkum, er stefnandi telur, að hafi verið fyrir hendi frá ómunatíð. Dómurinn telur, að unnt sé að taka afstöðu til stefnukröfunnar, þar sem niðurstaða dómsins felur ekki í sér breytingu á hreppamörkum, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1986, heldur staðfestingu á ríkjandi skipan.

Stefnandi rökstyður kröfu sína um staðfestingu á hreppamörkum m. a. með því, að sú byggð, er hafi verið á Pórsmerkursvæðinu að fornu, hafi án vafa talist til Eyjafjallahrepps hins forna. Eyjafjallahreppi var skipt árið 1869 í Austur- og Vestur-Eyjafjallahrepp, og tók sú skipting gildi frá og með fardögum 1871. Í Landnámu sé fjallað um landnám á þessu svæði, og segir þar frá landnámi þeirra Steinfinns og Ásbjarnar Reykrketilssona „fyrir ofan Krossá fyrir austan Fljót“. Þá er einnig greint frá landnámi Ketils hængs og Sighvats rauða vestan Markarfljóts. Óvíst er, hvenær byggð lagð-

ist af á Þórsmerkursvæðinu, en ýmis rök hniga að því, að það hafi verið á 12. öld. Hafa fundist á Þórsmerkursvæðinu húsarústir og fornleifar, er styðja frásögn Landnámu um byggð á þessum slóðum. Eru frásagnir í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, er fjalla um byggð á þessu svæði, og einnig gerir Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns ráð fyrir því, að Þórsmerkursvæðið hafi verið í byggð fyrr á öldum. Þá eru heimildir um byggð á Þórsmerkursvæðinu í skamman tíma um 1800. Samkvæmt landsháttum virðist næsta ljóst, að byggð á Þórsmerkursvæðinu hefur verið skipað í hrepp með Eyjafjallahreppi, enda var landnám þeirra Reykrketilssona allt austan Markarfljóts. Af athugun á Landnámu má einnig glögglega sjá, að það virðist meginregla, að stórvatnsföll marki umfang landnáma, og fyllir Markarfljót vissulega þann flokk. Þá leiða öll rök til þess, að eins hafi verið um mörk milli hreppa, þótt ekki séu til neinrar skráðar heimildir um hreppamörk frá fornu fari.

Stefndi reisir körfu sína í máli þessu á því, að íbúar Fljótshlíðarhrepps hafi, svo lengi sem rakið verður, átt og nýtt upprekstrarrétt á þrætulandinu, og eigi landið því með vísan til 3. gr. 1. nr. 8/1986 að teljast innan þess sveitarfélags. Um þetta er það að segja, að not íbúa Fljótshlíðarhrepps af þrætulandinu eru ekki umdeild. Jafnframt liggur fyrir, að í máli þessu er ekki deilt um eignarrétt að Þórsmerkursvæðinu. Hins vegar segja þær nýtjar ekkert um það, innan hvors hrepps landsvæðið sé. Alkunnugt er, að einstaklingar eða sveitarfélög geta átt eignarrétt að jörðum eða landsvæðum innan annars hrepps. Slík eignarumráð geta á engan hátt hnikað til hreppamörkum. Það gerist einungis með atbeina löggjafarvaldsins, nema um það sé fullt samkomulag milli sveitarfélaganna og atbeini félagsmálaráðuneytisins komi til, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1986.

Þá skírskotar stefndi til þess, að umrætt svæði hafi verið skráð og metið sem fasteign í Fljótshlíðarhreppi og beitarréttur og skógarítök metin til fasteignamats með jörðum í Fljótshlíðarhreppi, frá því að skráning og mat fasteigna hófst 1938. Fljótshlíðarhreppur hafi farið með öll þau mál, er sveitarfélögum eru falin að lögum og venju, a. m. k. frá 1920 og sinnt þeim, án þess að önnur sveitarfélög eða æðri stjórnvöld hafi haft nokkuð við það að athuga.

Í máli þessu er ekki ágreiningur um eignar- eða afnotarétt að þrætulandinu, eins og áður hefur verið gerð grein fyrir. Er að sjá samkvæmt skrá Fasteignamats ríkisins, að þau mannvirki, er reist hafa verið á Þórsmerkursvæðinu frá árinu 1946, séu ýmist skráð í V.-Eyjafjallahreppi eða Fljótshlíðarhreppi. Virðist skráningin fara einvörðungu eftir því, hvor hreppsnefndin hefur veitt heimild fyrir viðkomandi mannvirki. Skráning Fasteignamats

ríkisins breytir ekki hreppamörkum. Þá stenst ekki sú fullyrðing stefnda, að Fljótshlíðarhreppur hafi farið með a. m. k. frá 1920 öll þau mál, er sveitarfélögum eru falin að lögum og venju, og sinnt þeim, án þess að önnur sveitarfélög eða æðri stjórnvöld hafi haft nokkuð við það að athuga. Á árunum 1918 til 1925 stóðu yfir bréfaskriftir milli hreppstjóra V.-Eyjafjallahrepps, stjórnarráðsins, biskups o. fl. vegna umráðaréttar yfir beitarítaki Oddakirkju í Þórsmörk. Virðist þeim bréfaskriftum hafa lyktað með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 12. maí 1925. Í því bréfi segir m. a.: „... Ég tel að ekki sé unnt að gera annað nú sem stendur en að leggja fyrir hlutaðeigandi hreppstj. sem væntanl. er aðeins hreppstj. V.-Eyjafjallahr. ...“ Þá hefur ekki verið mótmælt sérstaklega fullyrðingum stefnanda þess efnis, að V.-Eyjafjallahreppur hafi annast lögsmalamennsku á Þórsmerkursvæðinu allt frá 1945 og grenjaleit og grenjavinnslu frá því um 1940.

Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Þórsmörk frá 2. maí 1892 er talið, að Eyfellingar eigi ekki afrétt í Þórsmörk og samkvæmt landamerkjabréfi frá því í maí 1891 fyrir Goðaland eigi Breiðabólstaðarkirkja í Fljótshlíðarhreppi afrétt á Goðalandi. Þá er í landamerkjabók Rangárvallasýslu fjallað um hálfa beit á Þórsmörk og hún talin tilheyra Oddakirkju.

Ekki þykja efni til, eins og málið er vaxið, að rekja hér þróun eignar- og umráðaréttar yfir skógar- og beitarítökum á Þórsmerkursvæðinu á fyrri öldum, en ljóst er, að sá réttur hefur að verulegu leyti verið í umsjón Fljótshlíðinga. Sá eignarréttur veitir Fljótshlíðarhreppi ekki rétt umfram V.-Eyjafjallahrepp í stjórnsýslulegu tilliti. Ef talið verður, að Þórsmerkursvæðið hafi einhvern tíma verið innan marka V.-Eyjafjallahrepps, leiða áðurnefnd umráð og afnot Fljótshlíðarhrepps ekki til breytinga þar á í stjórnsýslulegu tilliti að óbreyttum hreppamörkum, enda hafa slík eignarumráð ekki í för með sér breytingu á hreppamörkum.

Fjöl margar landsháttalýsingar hafa verið lagðar fram í máli þessu. Verður þar fyrst fyrir Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þar er fjallað um hina fornu byggð á Þórsmerkursvæðinu í kaflanum um Eyjafjallasveit. Í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar er fjallað um byggð á þessu svæði, en ekki verður séð, að hún sé í ákveðnum hreppi. Í sóknalýsingum Magnúsar Stephensens, sem var sýslumaður í Rangárvallasýslu frá 1844 til 1857 og bjó lengst af í Vatnsdal í Fljótshlíð, eru norðvesturmörk Eyjafjallahrepps sögð markast af Krossá og Hvanná. Í lýsingu hans á Fljótshlíðarhreppi er ekki fjallað um austurmörk hreppsins. Þar er ekki tekinn afstaða til þess, hvorum hreppi Þórsmerkursvæðið tilheyri. Í riti sínu, Sögu sveitarstjórna á Íslandi, fjallar Lýður Björnsson sagnfræðingur um Eyjafjallasveit. Segir þar: „Eyjafjallasveit náði frá austurmörkum sýslunnar

vestur að Markarfljóti ...“ Í lýsingu hans er ekki að finna neina vísbendingu um, að Fljótshlíðarhreppi hafi tilheyrt landsvæði austan Markarfljóts.

Á árinu 1987 hefur skattstjóri Suðurlandsumdæmis lagt aðstöðugjald að beiðni hreppsnefndar Fljótshlíðarhrepps á nokkra aðila, sem hafa haft með höndum rekstur á Þórsmerkursvæðinu. Við þessa stjórnvaldsaðgerð hefjast að nýju gamlar þrætur um það, í hvorum hreppnum, V.-Eyjafjallahreppi eða Fljótshlíðarhreppi, Þórsmerkursvæðið sé. Eins og málið hefur verið lagt fyrir dóminn, er krafist staðfestingar á því, að mörk hreppanna séu svo sem í stefnu greinir. Stefndi hefur ekki gert neinar dómkröfur um viðurkenningu á öðrum mörkum, en krafist þess, að kröfum stefnanda verði hafnað.

Það er niðurstaða dómsins, að stefnanda hafi tekist að færa nægilega sterk rök fyrir því, að Þórsmerkursvæðið hafi ávallt talist til Eyjafjallasveitar og síðar V.-Eyjafjallahrepps. Byggir dómurinn það álit sitt á því, að landfræðilega sé það augljóst, að óhægt hafi verið um samgöngur vestur yfir Markarfljót og því sýnt, að byggð í Þórsmörk að fornu hefur verið skipað í sveit með öðrum byggðum austan fljótsins. Markarfljót hljóti þannig að hafa verið eðlileg markalína milli hreppanna tveggja. Ekki hafi verið leidd nein rök fyrir því, að mörkum hreppanna hafi verið breytt í aldanna rás. Þá myndi önnur niðurstaða leiða til þess, að inn í V.-Eyjafjallahrepp yrði rekinn fleygur, sem skipti hreppnum í tvo hluta, sem hvergi ættu sameiginleg mörk. Í samræmi við ofanritað verða kröfur stefnanda teknar til greina.

Þá greiði stefndi stefnanda málskostnað, að fjárhæð 500.000 kr. Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómur þessi er kveðinn upp af Kristjáni Torfasyni dómstjóra og meðdómsmanninum Skúla J. Pálmasynti héraðsdómara.

D ó m s o r ð:

Staðfest er, að landsvæði austan Markarfljóts milli Almennunga að norðan og Merkurtungna, Stakkholts og Steinsholts að sunnan, þ. e. landsvæði Þórsmerkur, Goðalands, Teigstungna, Múlatungna og Guðrúnartungna, teljist til Vestur-Eyjafjallahrepps og innan takmarka hreppsins og að hreppamörk V.-Eyjafjallahrepps og Fljótshlíðarhrepps fyrir landsvæði þessu verði ákveðin um Markarfljót frá Öldusteini í Markarfljótsgljúfur og síðan eftir Markarfljótsgljúfri að Almennungum. Stefndi greiði stefnanda málskostnað, að fjárhæð 500.000 kr. Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

S é r a t k v æ ð i
Eggerts Óskarssonar

Kröfugerð stefnanda byggist á því, að Þórsmerkursvæðið sé innan staðarmarka Vestur-Eyjafjallahrepps og að svo hafi verið frá fornu fari. Í málinu liggja ekki fyrir ótvíræð gögn um hreppamörk Fljótshlíðarhrepps og Vestur-Eyjafjallahrepps að þessu leyti, og landamerkjalýsingar þykja benda til þess, að um sé að ræða landsvæði, sem er utan staðarmarka beggja sveitarfélaganna. Í lýsingu Rangárvallasýslu frá árinu 1856 eftir Magnús Stephensen sýslumann segir svo m. a. um mörk Eyjafjallahrepps að vestan: ... „Úr Stóra-Dímon er marklínan millum Eyvindarmúla í Fljótshlíð og Stóru-Merkur í Eyjafjallahrepp í Öldustein, sem liggur skammt vestar en Þórsmerkurrani, en sunnan megin Þórsmerkurrana fellur Krossá, sem ræður landamerkjum upp þangað, sem í hana rennur Hvanná, en úr því er á þessi landamerki allt í jökul.“ ... Ég tel, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á með málatilbúnaði sínum, að takmörk milli Vestur-Eyjafjallahrepps og Fljótshlíðarhrepps séu þau, sem hann vill fá staðfestingu dómsins á, og ber því að hafna kröfum hans, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.
